

**44. fundur skólanefndar haldinn í Reykholtsskóla, Reykholti,
mánudaginn 15. september 2025, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson (tók þátt í gegnum Teams), Sólmundur Magnús Sigurðarson boðaði forföll en í stað hans sat fundinn Guðrún S. Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg/leikskóladeild Bláskógaskóla, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Guðrún Rakel Svandísardóttir, skólastjóri Bláskógaskóla, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Harpa Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

1. Kynning á hlutverki og starfsemi SVÁ - 2509003

Kynning á skólaþjónustunni.

Gunnlaug Hartmannsdóttir kom inn á fundinn og kynnti skólaþjónustuna, hlutverk hennar og skipulag. Einnig gerði hún grein fyrir helstu verkefnum sem starfsmenn sinna, námskeið sem í boði eru og verkefni sem unnið er að og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Skólanefnd þakkar fyrir kynninguna.

2. Fundaráætlun skólanefndar 2025-2026 - 2508022

Fundaráætlun skólanefndar skólaárið 2025-2026

Skólanefnd samþykkir fundaráætlun vegna skólaársins 2025-2026.

3. Skólanámskrá Álfaborgar 2024-2029 - 2508023

Skólanámskrá leikskólans Álfaborgar

Lieselot M. Simoen, leikskólastjóri, kynnti skólanámskrá Álfaborgar. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá leikskólans Álfaborgar.

4. Innra mat Álfaborgar 2025 - 2509005

Innra mat leikskólans Álfaborgar

Lieselot M. Simoen, leikskólastjóri, kynnti innra mat leikskólans Álfaborgar.

5. Skóladagatal 2025-2026, breytingar - 2503022

Erindi leikskólans Álfaborgar þar sem óskað er eftir breytingu á skóladagatali.

Kynnt var ósk um breytingu á skóladagatali sem felur í sér að starfsdagar sem eiga að vera skv skóladagatali 22. til 24. apríl verði í staðinn dagana 15. til 17. júní.

Skólanefnd samþykkir breytinguna.

6. Skipulag skólastarfs Bláskógaskóla 2025-2026 - 2507002

Fyrirkomulag stjórnunar Bláskógaskóla skólaárið 2025-2026

Farið var yfir breytingar sem kynntar voru í sumar. Skólaárið 2025-2026 mun Guðrún Rakel Svandísardóttir gegna starfi skólastjóra grunnskóladeildar Bláskógaskóla og Lieselot M. Simoen gegna starfi leikskólastjóra leikskóladeildar Bláskógaskóla.

7. Mönnun stöðugilda í leik- og grunnskólum í Bláskógabyggð - 2408015

Skólastjórnendur fara yfir stöðu mála hvað varðar mönnun stöðugilda í upphafi skólaársins 2025-2026.

Skólastjórnendur fóru yfir stöðu mála.

8. Framkvæmdir við Reykholtslaug (sundkennsla) - 2508024

Fyrirkomulag sundkennslu við Reykholtsskóla skólaárið 2025-2026 vegna lokunar sundlaugar.

Vegna framkvæmda við sundlaug Bláskógabyggðar í Reykholti, sem munu standa yfir frá 16. september 2025 til 1. september 2026, var skipulag sundkennslu með þeim hætti að sund var kennt í lotu í upphafi skólaársins.

9. Nýtt námsmatskerfi, Matsferill - 2509004

Tilkynning Miðstöðvar menntunar- og skólaþjónustu, dags. 1. september 2025 um nýtt námsmatskerfi, Matsferil, og innleiðingu þess.

Tilkynningin var lögð fram.

10. Skólastefna - 2309028

Skólastefna (útgefið eintak)

Skólastefna Bláskógabyggðar, sem samþykkt var í vor, var lögð fram. Skólastefnan hefur verið birt á vefnum.

11. Reglur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003

Reglur leikskóla Bláskógabyggðar

Lagðar voru fram tillögur að breytingum á leikskólreglum. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að reglurnar verði samþykktar.

12. Viðbygging við leikskólann Álfaborg - 2505018

Staða framkvæmda við lokun tveggja innskota á byggingunni.

Lieselot gerði grein fyrir stöðu framkvæmda, verið er að leggja lokahönd á verkið.

13. Viðhald Reykholtsskóla 2025 - 2508031

Staða viðhaldsverkefna í Reykholtsskóla

Skólastjóri og sveitarstjóri gerðu grein fyrir helstu verkefnum, m.a. hefur verið unnið við dúklagningu.

14. Lyfta í Reykholtsskóla - 2110025

Uppsetning lyftu í Reykholtsskóla

Lokið hefur verið við uppsetningu lyftu í skólahúsnæðinu.

15. Viðhald Bláskógaskóla 2025 - 2508032

Staða viðhaldsverkefna í Bláskógaskóla

Skólastjóri og sveitarstjóri gerðu grein fyrir viðhaldsverkefnum. M.a hefur verið unnið við málun húsnæðis, auk þess sem vinna stendur yfir við göngustígagerð við skólann.

Fundi slitið kl. 17:15.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Simoen

Lára Bergljót Jónsdóttir

Guðrún Rakel Svandísardóttir

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Harpa Gunnarsdóttir

Ásta Stefánsdóttir